

**Nd.**

**229. Þingsályktun**

um fullnaðarrannsókn hafnarskilyrða á Þórshöfn.

(Afgreidd frá Nd. 18. jan.)

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka til hlítar, hvort unnt sé að dýpka innsiglingu hafnarinnar á Þórshöfn með viðuráðanlegum kostnaði, svo að stærstu skip, sem að jafnaði sigla hér við land, geti komið þar að bryggjum.